



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 6. maí 2022

2205005SA VRH

Málalykill: 01.04

Efni: Landspingsfulltrúar 2022-2026

Samband Íslenskra sveitarfélaga óskar hér með eftir því að þitt sveitarfélag kjósi landspingsfulltrúa til að sitja á landsþingum sambandsins og jafn marga til vara.

Öll sveitarfélög sem eiga aðild að sambandinu eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda 1. janúar 2022, sbr. ákvæði 5. gr. samþykktar sambandsins. En þar segir að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum skuli hlutaðeigandi sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa landsþingi gildir eftirfarandi:

- Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kys 1 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kys 2 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kys 3 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kys 4 fulltrúa.
- Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kys einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum.

Þá eiga framkvæmdastjórnir sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórnir, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Að kosningu lokinni skal senda formlegt kjörbréf á samband@samband.is með nöfnum þeirra sem hafa verið kjörnir fulltrúar og vara fulltrúar þeirra. Þessar upplýsingar þurfa að berast fyrir 15. júlí nk.

Nánari upplýsingar veitir Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, í síma 515-4915 eða valur.rafn.halldorsson@samband.is.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri